

Umsögn frá Skipulagsnefnd Uppsveita, barst Skipulagsstofnun með tölvupósti þann 5. janúar 2021.

Góðan daginn, umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun vegna viðauka við landskipulagsstefnu var tekin fyrir á fundi skipulagsnefndar UTU þann 22.12.2020 að beiðni Hrunamannahrepps. Þar sem sveitarstjórn sveitarfélagsins fundar ekki fyrr en þann 8. janúar var undirrituðum falið að koma eftirfarandi bókun skipulagsnefndar UTU á framfæri áður en umsagnarfrestur vegna tillögunnar rennur út:

Skipulagsnefnd UTU telur að flest þeirra markmiða sem koma fram innan viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 séu jákvæð fyrir skipulagsgerð í þétt- og dreifbýli á Íslandi til framtíðar. Nefndin bendir þó á að ákveðin markmið stefnunnar geti haft veruleg áhrif á uppbyggingu í dreifbýli sé horft til þess að aðal áhersla uppbyggingar skuli beinast að þegar byggðum svæðum. Telur nefndin að byggð í dreifbýli þurfi að geta þróast á jákvæðan hátt m.t.t. viðkomandi markmiða um orkuskipti í samgöngum, áherslum á vistvæna mannvirkjagerð og staðarmótun og landslagsvernd. Samhliða hafa íbúar í dreifbýli meiri möguleika á því að vinna heima en áður með ljósleiðaravæðingu svæða sem helst í hendur við breytingar á vinnumarkaði samhliða fjórðu iðnbyltingunni. Það minnkar þörf fólks á að þurfa að sækja vinnu um langan veg þar sem aukning verður á atvinnutækifærum óháð staðsetningu. Í dreifbýli hafa íbúar meiri möguleika á að auka sjálfbærni með eigin ræktun og hafa að auki góðan aðgang að náttúrulegum svæðum sem gefur meiri möguleika á andlegri endurheimt og tækifærum til að ná fram lýðheilsu- og markmiðum utan vinnutíma. Hófleg dreifð uppbygging byggðar með þessum áherslum án þess að um eiginlegan búskap sé að ræða getur því talist jákvæð þróun til framtíðar að mati nefndarinnar með fyrirvara um að svæðin séu í góðri tengingu við helstu þjónustu innan sveitarfélagsins. Nefndin telur að skoða þurfi stefnumörkun er varðar óbyggð víðerni með ítarlegri hætti.

Bestu kveðjur,
Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi



Dalbraut 12
840 Laugarvatn
Sími: 4805550
www.utu.is